

Sp.

595. Fyrirspurn

[374. mál]

til landbúnaðarráðherra um vatnstöku Íslandslax hf. í Grindavík.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Var ráðherra ljóst þegar hann heimilaði Íslandslaxi hf. vatnstöku í landi Staðar í Grindavík að samningaviðræður stjórnar Hitaveitu Suðurnesja og Íslandslax hf. um sölu á heitu vatni voru á lokastigi?
2. Var haft samráð við bæjarstjórn Grindavíkur eða aðra aðila á Suðurnesjum um samning ráðuneytisins við Íslandslax hf.?
3. Var haft samráð við iðnaðarráðherra um þessa samningsgerð?
4. Hafa verið gerðar rannsóknir á því hvað vatnsbólín á Suðurnesjum þola mikla vatnstöku án þess að það hafi áhrif á neysluvatn íbúanna?
5. Hefur ráðuneytið í hyggju að gera hliðstæða samninga við aðrar laxeldisstöðvar sem fyrirhugað er að reisa við strendur Grindavíkur?